

Umhverfisstofnun
Áb. <u>BS</u>
22 FEB. 2005 54.54
Tilv. <u>UST20050100126</u>

Skipulagsstofnun  
Auður Yr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Umhverfisstofnun, 16. febrúar  
2005

Tilvísun: UST20050100126/bs

### Aukin efnisþörf vegna lengingar Þingeyrarflugvallar

Vísað er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar sem sent var 15. febrúar sl. þar sem óskað er áhlits Umhverfisstofnunar á því hvort aukið umfang ofangreindrar framkvæmdar hafi önnur umhverfisáhrif í för með sér en þau sem Umhverfisstofnun lýsti í bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 28. janúar sl.

Framkvæmdaraðili fyrirhugar nú að nota um 98.000 m<sup>3</sup> af efni til lengingar flugbrautar og að auki mun þurfa 10-20.000 m<sup>3</sup> vegna vegagerðar. Hér er um eina framkvæmd að ræða eins og fram kemur í tölvubréfi Vegagerðarinnar á Ísafirði dags. 1. febrúar sl.


Umhverfisstofnun telur að í ljósi þess að fyrirhugað er að taka allt að 120.000 m<sup>3</sup> af mól úr farvegi Sandár eigi framkvæmdaraðili að leggja fram áætlun um efnistöku til að unnt sé að meta umhverfisáhrif efnistökkunnar.

Gera ætti grein fyrir stærð og staðsetningu efnistökusvæðanna, afmarkað á loftmynd. Hversu djúpt fyrirhugað sé að vinna svæðin og hvernig farvegur Sandár og bakkar kunna að líta út að efnistöku lokinni.

Umhverfisstofnun telur þörf á þessum viðbótargögnum áður en unnt sé að gefa álit á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson

  
Stefán Einarsson  
Verkefnastjóri

Afrit: Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar